

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/534****2021/EES/22/03****frá 16. apríl 2020****um að fresta meðferð umsókna um aðild að fyrirbyggjandi evrópskum tilvísunarnetum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/24/ESB frá 9. mars 2011 um réttindi sjúklinga varðandi heilbrigðisþjónustu yfir landamæri ⁽¹⁾, einkum b- og c-lið 4. mgr. 12. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/287/ESB ⁽²⁾ eru settar fram viðmiðanir við að koma á fót og meta evrópsk tilvísunarnet („tilvísunarnet“) og aðila að þeim og til að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma slíkum netum á fót og meta þau. Í 6. gr. þeirrar ákvörðunar voru aðildarríki hvött til þess að koma á fót ráði aðildarríkja til að ákveða hvort samþykkja bæri tillögur um tilvísunarnet, aðild að þeim og hvort leggja beri niður tilvísunarnet. Aðildarríkin komu á fót ráði aðildarríkja, sem í framhaldinu samþykkti 23 tilvísunarnet í desember 2016 og eitt í febrúar 2017. Öll tilvísunarnetin hófu starfsemi árið 2017.
- 2) Með framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1269 ⁽³⁾ var framkvæmdarákvörðun 2014/287/ESB breytt og innleidd m.a. hugmyndin um ráð fyrir hvert og eitt tilvísunarnet, sem og tímamörk fyrir þessi ráð til að gefa út álitsdrög sín og lokaálit á umsóknum um aðild.
- 3) Í 8. gr. framkvæmdarákvörðunar 2014/287/ESB er því sett fram verklag varðandi umsóknir um aðild að fyrirbyggjandi tilvísunarnetum, ásamt sérstökum tímamörkum sem ráð tilvísunarnetanna og veitendur heilbrigðisþjónustu sem sækja um þurfa að hlíta.
- 4) Opnað var fyrir umsóknir um aðild að fyrirbyggjandi tilvísunarnetum 2019 og mat á umsóknunum sem bárust stendur yfir.
- 5) Vegna uppkomu COVID-19 heimsfaraldursins er kröftum veitenda og fagfólks í heilbrigðisþjónustu innan Sambandsins að fullu varið í að takast á við yfirstandandi hættuástand á sviði lýðheilsu. Athygli framkvæmdastjórnarinnar var vakin á því, með fjölda beiðna frá hinum ýmsu ráðum tilvísunarnetanna, að þessar sérstöku aðstæður gera jafnt þeim, sem og umsækjendunum, ókleift að standast þau tímamörk sem sett voru fram í 8. gr. framkvæmdarákvörðunar 2014/287/ESB.
- 6) Til að matsmeðferð geti haldið áfram á tilhlýðilegan hátt þegar hinum sérstöku aðstæðum vegna þessarar lýðheilsuógnar er lokið ætti að fresta meðferð þeirra umsókna um aðild að fyrirbyggjandi tilvísunarnetum, sem stóð yfir þann 31. mars 2020, frá 1. apríl 2020 til 31. ágúst 2020. Til að tryggja fullt gagnsæi, ættu þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar að tilkynna öllum ráðum tilvísunarnetanna, umsækjendunum og aðildarríkjunum um frestinn og ástæður hans.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 119, 17.4.2020, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2020 frá 25. september 2020 um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 45.

(2) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/287/ESB frá 10. mars 2014 um viðmiðanir við að koma á fót og meta evrópsk tilvísunarnet og aðila að þeim og til að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma slíkum netum á fót og meta þau (Stjútíð. ESB L 147, 17.5.2014, bls. 79).

(3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/1269 frá 26. júlí 2019 um breytingu á framkvæmdarákvörðun 2014/287/ESB um viðmiðanir við að koma á fót og meta evrópsk tilvísunarnet og aðila að þeim og til að greiða fyrir skiptum á upplýsingum um og sérþekkingu á að koma slíkum netum á fót og meta þau (Stjútíð. ESB L 200, 29.7.2019, bls. 35).

- 7) Til að eyða óvissu varðandi umsóknir sem bíða afgreiðslu meðan á heimsfaraldrinum stendur, ætti þessi ákvörðun að öðlast gildi daginn eftir að hún birtist.
- 8) Í þágu réttarvissu ætti hún að gilda afturvirkir frá 1. apríl 2020.
- 9) Ráðstöfunin, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, er í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. tilskipunar 2011/24/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Meðferð umsókna um aðild að fyrirliggjandi evrópskum tilvísunarnetum, sem stóð yfir þann 31. mars 2020, skal fresta frá 1. apríl 2020 til 31. ágúst 2020.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. apríl 2020.

Gjört í Brussel 16. apríl 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
